



Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum nr. 31/1993 með síðar breytingum (hjónaskilnaðir). Þingskjal 174 – 172. mál.

Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp sem hefur það að markmiði að styrkja stöðu þolenda ofbeldis og tryggja rétt þeirra til að slíta hjúskap eins og segir í greinargerð með frumvarpi.


Lögreglustjóri gerir ekki athugasemdir við markmið frumvarpsins en telur rétt að gera athugasemd við útfærslu 6. gr. frumvarpsins þar sem er kveðið á um heimild til lögskilnaðar án undangengis skilnaðar að borði og sæng, m.a. á þeim grundvelli ef upplýsingar sem staðfesta útkall vegna heimilisofbeldi maka liggja fyrir í skýrslu lögreglu. Í athugasemdum við 6. gr. í greinargerð frumvarpsins kemur fram að „*leysi skuli veita ef fyrir liggur skýrsla lögreglu um útkall vegna heimilisofbeldis. Ber þá að meta skýrslu út frá efni hennar*“.

Grundvöllur ákvörðunar skv. framangreindu ákvæði er að lögregluskýrsla liggja fyrir um útkall vegna heimilisofbeldis, en miðað við orðalag ákvæðisins er óljóst hvort upplýsingar dugi eða hvort afhend skýrsla verði að liggja fyrir, en skýr greinarmunur er gerður á því að veita upplýsingar eða afhenda gögn þegar sakamál eru annars vegar. Athugasemdir í greinargerð bera það hins vegar með sér að gert sé ráð fyrir því að lögregluskýrsla hafi verið afhend, þar sem kemur fram að meta eigi skýrslu út frá efni hennar. Þá kemur ekki fram hver það er sem á að afla skýrslunnar.

Um afhendingu gagna í sakamálum sem eru í rannsókn gilda strangar reglur. Þannig geta rannsóknarhagsmunir staðið því í vegi að gögn séu afhend auk þess sem einungis verjandi sakborninga á rétt á afhendingu gagna eftir tiltekinn tíma meðan á rannsókn stendur, sbr. 37. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Réttargæslumaður brotaþola á eingöngu rétt á að fá aðgang að gögnum sem varða þátt brotaþola í málinu og honum eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna skjólstaðings síns, sbr. 1. mgr. 47. gr. sömu laga. Sé máli lokið er aðgangur rýmri, en þá geta bæði sakborningur og brotaþoli átt rétt á því að fá að kynna sér gögnin (ekki fá þau afhend) sbr. 6. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá gilda fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 9/2017 um aðgengi annarra í sakamálum sem er lokið.

Á grundvelli 2. mgr. 11. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og 8. og 11. gr. laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi nr. 75/2019 getur lögregla miðlað upplýsingum að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Með hliðsjón af ofangreindu og til að standa vörð um rannsóknarhagsmuni og markmið frumvarpsins telur lögreglustjóri rétt að kveðið sé á um að lögregla geti veitt staðfestingu á hún hafi farið í útkall vegna heimilisofbeldismáls ásamt lýsingu á helstu málavöxtum sem kunna að skipta máli svo opinberir aðilar eða einkaaðilar geti sinnt lögbundnum hlutverkum sínum eða gætt lögvarinna hagsmuna sinna án þess að skaða rannsóknarhagsmuni séu þeir til staðar. Með því móti er unnt að virða ákvæði sakamála- og stjórnarsýslulaga um afhendingu gagna en líka koma til móts við þarfir þeirra sem eiga hagsmuna að gæta. Orðalag gæti því verið á þessa leið: „...*upplýsingar frá lögreglu sem staðfesta útkall lögreglu vegna heimilisofbeldis*“. Þá gætu athugasemdir í greinargerð lotið að því að leyfi skuli veita ef fyrir liggja upplýsingar frá lögreglu um útkall og beri að meta upplýsingarnar út frá efni þeirra.

F.h.l.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir
sviðstjóri ákærusviðs